

UMSÓKN UM HÚSNÆÐISBÆTUR
samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Nafn umsækjanda:	Kennitala:
Netfang:	Sími:
Bankareikningur: _____ - _____ - _____ Banki Hb. Rn.	Ég óska eftir rafrænum samskiptum: <input type="checkbox"/>

Upplýsingar um leiguhúsnæði

Fastanúmer leiguhúsnæðis:	Heimilisfang:
Fjöldi herbergja:	Póstnúmer:
Stærð í m ² :	Leigufjárhæð á mánuði:
<input type="checkbox"/> Tímabundinn leigusamningur	<input type="checkbox"/> Ótímabundinn leigusamningur
Upphaf leigutíma:	Lok leigutíma:

Tegund húsnæðis:

- Íbúðarhúsnæði á hinum almenna leigumarkaði.
 Húsnæði í eigu ríkis eða sveitarfélags.
 Heimavist eða námsgarður.
 Áfangahéimili.
 Húsnæðisúrræði skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðs fólks.

Er séreldhús eða eldunaraðstaða í húsnæðinu? Já NeiEr sérsnyrting og baðaðstaða í húsnæðinu? Já Nei**Tekjur og eignir umsækjanda**

Áætlaðar tekjur umsækjanda á mánuði:

Hér skal færa inn áætlaðar mánaðartekjur (heildartekjur fyrir skatt, þ.e. brúttó laun). Þ.e. allar skattskyldar tekjur, t.d. laun, eftirlaun, lífeyri, tryggingabætur, örorkubætur, styrki og verðlaun. Einnig fjármagnstekjur s.s. leigutekjur, vaxtatekjur, arðgreiðslur og hagnað af sölu fasteigna eða hlutabréfa.

Nettóeign umsækjanda:

Hér skal færa inn nettóeign. Þ.e. allar eignir mínus allar skuldir. Eignir geta t.d. verið innistæður á bankareikningum, bílar, hjólhýsi, mótorhjóll, fasteignir og hlutabréfaeign.

Á umsækjandi rétt á vaxtabótum? Já Nei**Upplýsingar um leigusala**

Nafn leigusala:	Kennitala:
-----------------	------------

Er óskað eftir því að greiðslur húsnæðisbóta séu lagðar inn á bankareikning leigusala: Já Nei

Fyllið út eftirfarandi ef leigusali er móttakandi greiðslu húsnæðisbóta:

Bankareikningur leigusala: Banki: _____ Höfuðbók: _____ Reikningur: _____

Upplýsingagjöf til sveitarfélaga

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er heimilt að veita sveitarfélögum upplýsingar um forsendur og útreikning húsnæðisbóta umsækjanda og heimilismanna að fengnu umboði þeirra. Þessar upplýsingar eru veittar svo unnt sé að meta þörf á frekari húsnæðisstuðningi frá sveitarfélaginu þínu. Samþykki fyrir upplýsingagjöf til sveitarfélaga er ekki skilyrði fyrir greiðslum húsnæðisbóta en kann að vera forsenda fyrir frekari húsnæðisstuðningi frá sveitarfélaginu þínu.

Ég gef Húsnæðis- og mannvirkjastofnun umboð mitt til að veita sveitarfélögum upplýsingar um rétt minn til húsnæðisbóta og þá heimilismenn sem búsettir eru á viðkomandi heimili.

Unnt er að afturkalla samþykkið hvenær sem er og tekur afturköllunin gildi þegar Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur mótttekið afturköllunina með sannanlegum hætti.

Ábyrgðaraðili vinnslu upplýsinga þeirra sem samþykki þetta tekur til er húsnæðisbótasvið Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (hms@hms.is).

Staður/dagsetning

Undirskrift

Heimilismenn í leiguhúsnæði

Hér skal tilgreina alla þá sem búsettir eru í hinu leigða íbúðarhúsnæði.

Með undirritun heimilismanns er Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) veitt umboð til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga og gagna um hann til að afgreiða umsókn um húsnæðisbætur og framfylgja lögum um húsnæðisbætur. Heimilismenn eldri en 18 ára þurfa að veita umboð til upplýsingaöflunar.

Heimilismenn geta einnig veitt umboð með því að skrá sig inn á „mínum síðum“ á www.hms.is. **Börn burfa ekki að skrifa undir**

Kennitala heimilismanns:	Netfang heimilismanns:	Undirskrift heimilismanns:

Ég gef HMS umboð til að veita sveitarfélögum upplýsingar um rétt minn til húsnæðisbóta.

--	--	--

Ég gef HMS umboð til að veita sveitarfélögum upplýsingar um rétt minn til húsnæðisbóta.

--	--	--

Ég gef HMS umboð til að veita sveitarfélögum upplýsingar um rétt minn til húsnæðisbóta.

--	--	--

Ég gef HMS umboð til að veita sveitarfélögum upplýsingar um rétt minn til húsnæðisbóta.

--	--	--

Ég gef HMS umboð til að veita sveitarfélögum upplýsingar um rétt minn til húsnæðisbóta.

Mótttekið dags:

Samþykki fyrir öflun nauðsynlegra upplýsinga og gagna

Með undirritun veitir umsækjandi/heimilismaður Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, kt. 661198-3629, heimild til að afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að framfylgja ákvæðum laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur, svo sem til að taka ákvörðun um hvort réttur til húsnæðisbóta sé til staðar, útreikning húsnæðisbóta og greiðslu þeirra sem og endurreikning, leiðréttingu og endurgreiðslu húsnæðisbóta.

Umboð þetta veitir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun heimild til að afla upplýsingum frá skattvirkvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna, sveitarfélögum, sýslumönnum, leigusölum íbúðarhúsnæðis og viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að afgreiða umsókn í samræmi við lög um húsnæðisbætur. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Umsækjandi/heimilismaður samþykkir að ofangreindar upplýsingar verði sóttar, nýttar og vistaðar í tengslum við ákvörðunartöku um húsnæðisbætur, sem og við eftirlit í tengslum við afgreiðslu umsóknar um húsnæðisbætur

Með umboði þessu er Húsnæðis- og mannvirkjastofnun heimilt á hverjum tíma að sækja upplýsingar sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar um húsnæðisbætur, sem og uppfærslu annarra upplýsinga sem umboðið nær til, á meðan umboð þetta er í gildi. Unnt er að afturkalla umboðið hvenær sem er og tekur afturköllunin gildi þegar Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur mótttekið afturköllunina með sannanlegum hætti.

Ábyrgðaraðili vinnslu upplýsinga þeirra sem samþykki þetta tekur til er húsnæðisbótasvið Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (hms@hms.is).

Framangreint samþykki um öflun upplýsinga er í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum.

Staður/dagsetning

Undirskrift

Upplýsingagjöf og fræðsla vegna umsóknar um húsnæðisbætur

Umsækjandi er hér með upplýstur um það að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga þeirra sem umsókn hans og fylgiskjöl taka til. Fyrirspurnum, athugasemdum eða kröfum er varða vinnslu upplýsinganna er unnt að beina að húsnæðisbótasviði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (hms@hms.is). Erindi varðandi vinnslu persónuupplýsinga er jafnframt unnt að senda á persónuverndarfulltrúa Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar persona@hms.is.

Við vinnslu umsóknar um húsnæðisbætur aflar Húsnæðis- og mannvirkjastofnun upplýsinga frá skattýfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna, sveitarfélögum, sýslumönnum, leigusölum íbúðarhúsnæðis skv. a-, b- og d-lið 12. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis, sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að framfylgja lögum um húsnæðisbætur. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Tilgangur hinnar fyrirhuguðu vinnslu persónuupplýsinga er afgreiðsla á umsókn um húsnæðisbætur af hálfu umsækjanda/heimilismanns og önnur nauðsynleg vinnsla á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur. Viðtakendur upplýsinganna eru starfsmenn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem fara með afgreiðslu umsóknar um húsnæðisbætur eða ákvörðunarvald er varðar umsóknina.

Vinnsla persónuupplýsinganna á sér lagastöð í 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og eftir atvikum 1. tl. sömu laga. Jafnframt ef um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar þá byggir vinnslan á 2. tl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga.

Varðveislu upplýsinganna er háttað í samræmi við lög nr. 77/2014 um meðferð opinberra skjalasafna sem taka til allra skjala og gagna í vörslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem telst afhendingarskyldur aðili í skilningi laganna. Hér skal upplýst um það að óheimilt er að eyða skjölum úr skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila nema með heimild þjóðskjalavarðar, skv. 24. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

Umsækjandi/heimilismaður á rétt á því að fara fram á það við ábyrgðaraðila að fá aðgang að persónuupplýsingunum, láta leiðrétta þær, og eftir atvikum eyða þeim eða takmarka vinnslu þeirra hvað hann varðar eða til að andmæla vinnslu þeirra. Auk þess kann umsækjandi/heimilismaður að eiga rétt til að flytja eigin gögn.

Öflun persónuupplýsinga á grundvelli framkominnar umsóknar er krafa samkvæmt lögum og jafnframt forsenda þess að hægt sé að veita umbeðin réttindi. Að öðrum kosti er ekki unnt að afgreiða umsókn aðila.

Umsækjandi og/eða heimilismaður hefur rétt til þess að afturkalla með sannanlegum hætti samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinganna, að því leiti sem samþykkisgrundvöllur fyrir vinnslu á við. Afturköllun á samþykki fyrir vinnslunni hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslunnar fram að afturköllun.

Við vinnslu umsóknar þessarar fer ekki fram sjálfvirk ákvarðanatöku í skilningi laga um persónuvernd.

Athugasemdum eða kvörtunum vegna vinnslu persónuupplýsinga er varðar umsókn þessa er unnt að beina til Persónuverndar, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík.

Staður/dagsetning

Undirskrift